



Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Á fundi velferðarráðs þann 24. apríl 2019, lagði fulltrúi Flokks fólksins svohljóðandi fyrirspurn:

„Í fréttum í síðustu viku kom í ljós að einstaklingar hafi fengið leyfi til að sprauta sig í gistiskýlinu enda þótt það sé bannað og að þar sé ekki rekið formlegt neyslurými sem borgarfulltrúi Flokks fólksins veit að þörf er á. Staðfest hefur verið að í gistiskýlinu hafa einstaklingar getað sprautað sig á staðnum þótt það sé skýrt í reglugerð um gistiskýlið að öll neysla sé bönnuð. Í gistiskýlinu hangir á vegg (eða hékk) miði þar sem á stóð: „Í skaðminnkandi tilgangi er horft fram hjá því að einstaklingar sprauti sig í gistiskýlinu“ Hangir þessi miði enn á vegg í gistiskýlinu? Er það enn í boði að einstaklingar sprauti sig í gistiskýlinu þrátt fyrir að það sé bannað að neyta vímuefna þar? Var haft samráð við allt starfsfólk um leyfa einstaklingum að sprauta sig í gistiskýlinu í skaðminnkandi tilgangi þrátt fyrir að það væri bannað? Og ef svo var, var starfsfólk sátt við að vinna undir þessum kringumstæðum? Hefur verið gerð viðbragðsáætlun í tilfellum ef einstaklingur myndi ofneyta og fara t.d. í hjartastopp sem starfsmenn hafa fengið hjálfun í að fylgja? Hefur verið gengið frá samkomulagi við heilbrigðisstarfsmann sem hægt er að kalla út ef í neyðartilfelli? Hefur verið rætt um ábyrgð við starfsfólk ef dauðsfall yrði eða verður á staðnum sem tengdist leyfi að sprauta sig án þess að nauðsynleg heilbrigðisþjónusta væri til staðar? Hver hefði borið ábyrgð ef dauðsfall hefði orðið í gistiskýlinu í kjölfar þess að einstaklingur sprautar sig í æð og lætur lífið vegna ofneyslu? Hefur aldrei verið rætt um að breyta reglunum í þá átt að það sé leyft að sprauta sig „í skaðminnkandi tilgangi“ Ef leyfa á einstaklingum að sprauta sig í gistiskýlinu stendur til að breyta reglum gistiskýlisins í samræmi við það?“

Í neðangreindu svari er fyrirspurninni skipt upp í nokkra töluliði og hverjum og einum svarað sérstaklega:

1. *„Í fréttum í síðustu viku kom í ljós að einstaklingar hafi fengið leyfi til að sprauta sig í gistiskýlinu enda þótt það sé bannað og að þar sé ekki rekið formlegt neyslurými sem borgarfulltrúi Flokks fólksins veit að þörf er á.“*

Staðfest hefur verið að í gistiskýlinu hafa einstaklingar getað sprautað sig á staðnum þótt það sé skýrt í reglugerð um gistiskýlið að öll neysla sé bönnuð. Í gistiskýlinu hangir á vegg (eða hékk) miði þar sem á stóð: „Í skaðminnkandi tilgangi er horft fram hjá því að einstaklingar sprauti sig í gistiskýlinu“ Hangir þessi miði enn á vegg í gistiskýlinu? Er það enn í boði að einstaklingar sprauti sig í gistiskýlinu þrátt fyrir að það sé bannað að neyta vímuefna þar?“

Umræddur miði hangir ekki lengur uppi í Gistiskýlinu. Í samræmi við hugmyndafræði um skaðaminnkandi nálgun hefur verið horft fram hjá því þótt einstakir gestir Gistiskýlisins noti vímuefni á salernum skýlisins.

2. *„Var haft samráð við allt starfsfólk um leyfa einstaklingum að sprauta sig í gistiskýlinu í skaðaminnkandi tilgangi þrátt fyrir að það væri bannað?“*

Forstöðumaður Gistiskýlisins hefur lagt áherslu á að ræða við starfsfólk um hugmyndafræði skaðaminnkunar og meðferð búnaðar. Öllum starfsmönnum á því að vera kunnugt um á hvaða grundvelli unnið er eftir í skýlinu.

3. *„Og ef svo var, var starfsfólk sátt við að vinna undir þessum kringumstæðum?“*

Eins og fram hefur komið er unnið samkvæmt skaðaminnkandi nálgun í Gistiskýlinu. Hins vegar er mikilvægt að fara stöðugt yfir öryggisreglur með það að markmiði að bæta starfsaðstæður í skýlinu.

4. *„Hefur verið gerð viðbragðsáætlun í tilfellum ef einstaklingur myndi ofneyta og fara t.d. í hjartastopp sem starfsmenn hafa fengið hjálfun í að fylgja?“*

Forstöðumaður á að fara reglulega yfir öryggisatriði með starfsmönnum og starfsmenn fara reglulega á skyndihjálparnámskeið þar sem meðal annars er farið yfir hver rétt viðbrögð eru ef starfsmaður kemur að einstaklingi sem hefur mögulega tekið of stóran skammt. Gistiskýlið er enn fremur komið með tetrastöð til að hægt sé að kalla til viðbragðsaðila strax og starfsmaður kemur að einstaklingi í neyð.

5. *„Hefur verið gengið frá samkomulagi við heilbrigðisstarfsmann sem hægt er að kalla út ef í neyðartilfelli?“*

Starfsmenn hafa samband við 112 ef um neyðartilfelli er að ræða. Einnig er reglubundið samstarf við lögregluna varðandi þeirra aðkomu að Gistiskýlinu.

6. *„Hefur verið rætt um ábyrgð við starfsfólk ef dauðsfall yrði eða verður á staðnum sem tengdist leyfi að sprauta sig án þess að nauðsynleg heilbrigðisþjónusta væri til staðar?“*

Þeir einstaklingar sem neyta vímuefna gera það á eigin ábyrgð, hvort sem það er innan eða utan skýlis.

7. *„Hver hefði borið ábyrgð ef dauðsfall hefði orðið í gistiskýlinu í kjölfar þess að einstaklingur sprautar sig í æð og lætur lífið vegna ofneyslu?“*

Vísað er til svars við spurningu 6 að ofan.

8. *„Hefur aldrei verið rætt um að breyta reglunum í þá átt að það sé leyft að sprauta sig „í skaðaminnkandi tilgangi“ Ef leyfa á einstaklingum að sprauta sig í gistiskýlinu stendur til að breyta reglum gistiskýlisins í samræmi við það?“*

Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á að vera í samstarfi við ríkið vegna uppbyggingar neyslurými. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um slík neyslurými. Frumvarpið skilgreinir neyslurými sem „lagalega verndað umhverfi þar sem einstaklingar sem eru 18 ára og eldri geta neytt ávana- og fíkniefna í æð undir eftirliti heilbrigðisstarfsmanna og þar sem gætt er fyllsta hreinlætis, öryggis og sýkingavarna.“ Frumvarpið hefur verið lagt til umsagnar hjá ákærusviði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ríkissaksóknara og fl.